

STARFSLEYFI

Akureyrarbær

Kt. 410169-6229

Geislagötu 9

600 Akureyri

**-Niðurrif Lundeyrar við Krossanesbraut,
603 Akureyri
Fasteignanúmer F2148468 -**


Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda sem og starfsskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja.

Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Leyfið gildir 31. maí 2023

Akureyri, 11. október 2022


Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

HEILBRIGÐISEFTIRLIT NORÐURLANDS EYSTRA

Skilyrði fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annara mannvirkja

1.gr. Gildissvið og almenn atriði

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annara mannvirkja samkvæmt reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999 með breytingum.
- 1.2 Byggingarfulltrúi veitir leyfi til niðurrifs húsa og eftir atvikum þarf einnig að afla leyfis Fornleifastofnunar og Húsfriðunarnefndar.
- 1.3 Vinna skal markvisst að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangsefna og gæta þess að nýta orku vel. Eigi síðar en 31. október 2007 skal taka í notkun bestu fánlegu tækni (BAT) við allar mengunarvarnir.
- 1.4 Ef fyrirhugað er að rífa asbest skal fylgja með starfsleyfisumsókn afrit af vottorði Vinnueftirlits ríkisins um að ábyrgðarmaður niðurrifs hafi lokið námskeiði í meðferð asbests.
- 1.5 Leita skal heimildar Vinnueftirlits ríkisins til niðurrifs á asbesti . Um persónuvarnir og hlífur vegna vinnu með asbest fer samkvæmt fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

- 1.6 Starfsemi skal haga þannig að nágrennar og vegfarendur verði ekki fyrir óþægindum eða heilsutjóni vegna lyktar, ryks, hávaða eða annars ónæðis.
- 1.7 Áður en niðurrif hefst skal aftengja rafmagn og vatn (nema það sem þarf til verksins). Einnig skal loka skólpi og öðrum frárennislögnum.
- 1.9 Þegar um er að ræða niðurrif og förgun gamalla ónýtra húsa í dreifbýli (eyðibýli og önnur yfirgefin og ónýt hús) skal eftir því sem kostur er flokka og endurvinna/endurnýta járn (t.d. bárujárn) og timbur. Að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra er heimilt að koma fyrir í húsgrunni óvirkum úrgangi. Sama gildir um fúíð og ryðgað timbur og járn. Húsgrunn skal hylja með a.m.k. 30 sm jarðvegslagi og græða upp. Varðandi spilliefni gildir ákvæði greinar 2.2. Heilbrigðisfulltrúi tekur mál og hnit á förgunarstað og skráir hvað var urðað og sendir skýrslu til Umhverfisstofnunar. Slökkvilið sem leita eftir að nýta ónýt hús til æfinga skulu sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Starfsleyfisskilyrði taka mið af starfsskilyrðum fyrir áramótabrennur.
- 1.9 Innan mánaðar að niðurrifi loknu skal senda til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skýrslu um gerð, magn og lokaáfangastað byggingarúrgangs ásamt kvittunum fyrir móttöku byggingarúrgangs. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra áskilur sé rétt til að hafna útgáfu nýs starfsleyfis ef viðkomandi er í vanskilum á skýrslum og kvittunum vegna fyrri niðurrifsverkefna.

2. gr. Meðhöndlun úrgangs

- 2.1 Úrgangsefni skal flokka og endurnýta eins og kostur er. Öðrum úrgangi skal farga á öruggan hátt á stað sem hefur til þess gilt starfsleyfi. Halda skal til haga kvittunum fyrir förgun. Einnig skal fylla út meðfylgjandi eyðublað (skýrsla um gerð, magn og loka áfangastað byggingarúrgangs).
- 2.2 Spilliefnum, t.d. asbesti, PCB, þungmálmum og olíum, skal halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum, svo sem múrbroti, timbri, járn og plasti.

- 2.3 Um meðferð mengaðs jarðvegs fer samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins nr. 8 frá 1998 (nú Umhverfisstofnun).
- 2.4 Asbest, asbestryk og asbestmengaðan úrgang skal geyma í þéttum, merktum og lokuðum ílátum og flytja þannig á viðurkenndan urðunarstað. Verkstjóra á urðunarstað skal tilkynna með hæfilegum fyrirvara um förgun asbests og úrgangs sem kann að innihalda asbest. Ef hætta er á að asbest rykist upp við losun á urðunarstað skal úða vatni yfir úrganginn áður en farmurinn er fluttur á urðunarstað. Við förgun á vökva (skol- og þvottavatn) sem kann að innihalda asbestagnir skal þess gætt að agnir og trefjar berist ekki út í andrúmsloftið.
- 2.5 Þess skal gætt að óviðkomandi eigi ekki greiða leið á vinnustað þar sem unnið er við niðurrif, flutning og förgun asbests og annars úrgangs sem inniheldur asbest.

3. gr. Mengunarvarnir og mengunarvarnabúnaður

- 3.1 Við niðurrif þar sem hætta er á mikilli asbestmengun skal loka af vinnusvæði og þetta þannig að asbestryk dreifist ekki. Aðgangur að slíku vinnusvæði skal vera í gegnum sérstakan loftræstan gang.
- 3.2 Takmarka skal loftmengun eins og kostur er á meðan niðurrif á asbesti fer fram. Loftræsting skal vera þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á asbestryki. Endurnýting á afsogslofti frá slíku vinnusvæði er óheimil.
- 3.3 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra getur gert kröfu um að starfsleyfishafi kosti mælingu á magni asbestagna í lofti.
- 3.4 Ef í ljós kemur við niðurrif bygginga að jarðvegur á lóð er mengaður skal tafarlaust hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, sbr. gildandi reglur um mengaðann jarðveg.
- 3.5 Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að útlosun verði í lágmarki og innan marka.

4. gr. Ýmis ákvæði

- 4.1 Eintak af skilyrðum þessum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.
- 4.2 Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 4.3 Forráðamaður fyrirtækis sem sér um niðurrif ber ábyrgð á að starfsemin fullnægi í þessum skilyrðum og öðrum viðeigandi ákvæðum í lögum, reglugerðum, samþykktum og leiðbeiningum.
- 4.4 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur eftirlit með öllum þáttum niðurrifs bygginga.
- 4.5 Áður en að niðurrif húsa og bygginga er hafið skal forráðamaður kynna sér skilyrði og leiðbeiningar um niðurrif húsa og annarra bygginga.
- 4.6 Auk fyrrnefndra ákvæða gilda ákvæði eftirfarandi reglugerða:
 - Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs
 - Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, breytt með reglugerð nr. 849/2000 og reglugerð nr. 48/2001
 - Reglugerð nr. 870/2000 um takmarkanir á innflutningi, notkun og meðhöndlun asbest
 - Reglugerðir nr. 933/1999 og nr. 478/2003 um hávaða og reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða.